



Íbúðir til sölu

Jón Jónsson
Langholtsbraut 25
925 Hafnarvík

Bólstaðarhlíð 41

2ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-05 er til sölu. Íbúðin er 61 m². Sérgeymsla 4,2 m² er innan íbúðar.

Á stofu, eldhúsi og gangi er nýlegt eikarparket. Korkflísar á svefnherbergi. Vinyldúkur á baði. Innihurðir, skápar og eldhús eru spónlagðar með ljósum spæni. Borðplötur í eldhúsi eru nýlegar. Á baði er innrétting með innbyggðri handlaug og tengimöguleika fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli/plasti.

Svölum var lokað fyrir 1½ ári úr einingum með einangrunargleri frá Gluggum og garðhús. Grasteppi á gólfi svala.

Framreiknað verð er kr. 23.081.000.

Miðast við byggingarvísutölu í sept. 492,1 stig.

Bólstaðarhlíð 41 er sjö hæða hús með 32 íbúðum. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987. Húsgjald er kr 14.784,- á mánuði. Sameiginlegur hús-vörður sinnir Bólstaðarhlíð 41 og 45.

Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-03 er til sölu. Íbúðin er 42,9 m².

Á stofu og eldhúsi er eikarparket. Korkflísar á svefnherbergi. Nýlegur vinyldúkur á baði.

Í eldhúsi er nýlegt helluborð og vífta. Sérgeymsla fylgir íbúðinni, staðsett á sömu hæð. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr. 17.735.000.

Miðast við byggingarvísutölu í sept. 492,1 stig.

Bólstaðarhlíð 45 er sjö hæða hús með 32 íbúðum. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987. Húsgjald er 13.000 kr.- á mánuði. Sameiginlegur hús-vörður sinnir Bólstaðarhlíð 41 og 45.

Dalbraut 16

3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-02 er til sölu. Íbúðin er 82,6 m².

Þvottaherbergi m. ræstivask er inn af eldhúsi. Sérgeymsla er í kjallara. Á stofu, herbergjum eldhúsi og gangi er eikarparket. Vinyldúkur á baði. Allar innréttingar eru spónlagðar með beykispæni. Flísalagt er milli skápa í eldhúsi. Í eldhúsi er helluborð með fjórum hellum, bakaraofn (Siemens) á braut og vífta. Baðherbergisveggir eru flísalagðir. Spónlögð innrétting með innbyggðri handlaug. Svalagólf er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

Stæði í bílgeymslu fylgir með.

Húsið er einangrað að utan og klætt með áli.

Íbúðin er í mjög góðu standi, nánast eins og ný.


Framreiknað verð er kr. 32.193.000.

Miðast við byggingarvísutölu í sept. 492,1 stig.

Dalbraut 16 er fjöggra hæða hús með 22 íbúðum. Þjónustusel er í Dalbraut 18-20 sem Reykjavíkurborg á og rekur. Húsið var afhent til eigenda 1999. Húsgjald er 14.500 kr.- á mánuði. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu samtakanna í síma 552 6410 og á heimasíðu samtakanna aldradir.is.

Framhald á bakhlið.





Samtök aldraðra eiga alltaf forkaupsrétt.

Íbúðir sem seljast á vegum Samtaka aldraðra má ekki selja hærra verði en framreiknaður byggingarkostnaður segir til um miðað við byggingarvísitölu. Á kaupverðið leggst 1% sem rennur til Samtaka aldraðra í samræmi við lög félagsins.

Í 12. gr. segir:

Sá sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins má ekki selja hana nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins. Þá getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt íbúð um stundarsakir ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádraginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómskvaddra manna, hversu oft sem íbúðarskipti kunna að verða.

Skrifstofa samtakana aldraðra vill benda félagsmönnum á að óseldar eru endursöluíbúðir sem áður hafa verið auglýstar. Sjá heimasíðu aldraðir.is

Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 3 hæð 69,1 m² að stærð. Merkt 303

3ja herbergja íbúð á 4 hæð 80,1 m² að stærð. Merkt 406

Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 4 hæð 61,0 m² að stærð. Merkt 401

3ja herbergja íbúð á 4 hæð 77,4 m² að stærð. Merkt 404

Dalbraut 20

2ja herbergja íbúð á 1 hæð 52,0 m² að stærð. Merkt 102

2ja herbergja íbúð á 1 hæð 52,2 m² að stærð. Merkt 105

2ja herbergja íbúð á 3 hæð 64,5 m² að stærð. Merkt 304



Nú er hafin bygging húsanna nr. 29 og 31.

Í húsunum verða 58 sérhannaðar íbúðir fyrir eldri borgara, tveggja og þriggja herbergja 93-108 fermetra með rúmgóðu staði í velbúinni bílgeymslu, samkomusal, og víðum og góðum glerjuðum svalagöngum. Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar verður á næstu lóð í samvinnu við DAS með mótuneyti, hjúkrunar og heimilisþjónustu. Ferilleiðir innan og utan húss og íbúðir, eru hannaðar með hliðsjón af þörfum fatlaðra.

Nokkrar íbúðir eru lausar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Samtaka aldraðra Síðumúla 29, sími 5526410 og á heimasíðu samtakanna www.aldradir.is.